



ÚTLENDINGASTOFNUN
ICELANDIC DIRECTORATE OF IMMIGRATION

Ábendingar Útlendingastofnunar vegna tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2018-2022

Á síðustu árum hefur kostnaður vegna umsókna um alþjóðlega vernd verið greiddur af fjárauka þegar kemur að fjárlagalið vegna hælisleitenda 06399 og fjöldi umsækjanda um vernd hefur farið fram úr áætlunum. Spá stofnunarinnar fyrir árið 2017 gerir ráð fyrir 1700-2000 umsóknum samanborið við 1132 umsóknir árið 2016. Fjöldi umsækjanda hefur aukist ár frá ári og ekki er ljóst hvenær þeirri þróun lýkur. Því er óvarlegt að áætla að fjöldi umsókna lækki niður í 700 eftir árið 2017 en síðustu tölur leiða til þess að gera verður ráð fyrir að umsóknir verði 1500-2000 næstu árin að öllu óbreyttu.

Fjármunum sem ráðstafa á til málaefnasviðs 10 er gerð skil í tillögunni og samkvæmt upplýsingum frá dómsmálaráðuneyti eru framlög til Útlendingastofnunar tvíþætt, 550 milljónir til rekstrar stofnunarinnar (fjárlagaliður 06398) ár hvert næstu fjögur ár og 2,7 milljarðar til rekstrar hælisliðar vegna alls kostnaðar fyrir 700 umsækjendur um vernd ár hvert.

Í tillögunni kemur fram að gengið er út frá því að fjöldi umsækjanda um vernd fari aldrei fram úr 700 ár hvert, en þær tölfræðiupplýsingar eru grundvöllur hækkunar framlags til málefnasviðsins um tæpa 2 milljarða. Sé miðað við að umsækjendur um vernd verði 2000 í stað 700, verður að hækka framlag til sviðsins um 7 milljarða í stað tveggja og tryggja verður því samhliða að mannaflí sé til staðar á öllum stjórnarsýslustigum, með tilheyrandi kostnaði. Áætlanir ársins 2017 gera ráð fyrir að bæta þurfi við 43 starfsmönnum hjá Útlendingastofnun til að takast á við 2000 umsóknir sem flestar munu lagðar fram á haustmánuðum. Starfsmannakostnaður til 12 mánaða yrði 483 milljónir, sbr. fylgiskjal nr. 4, en ekki er lagt mat á hvað kærunefnd útlendingamála eða lögregluþjófvernd þurfa til að takast á við fjöldann.

Aðstæður málaflokksins gera það að verkum að ómögulegt er að áætla nákvæmlega hver fjöldinn verður á komandi árum en reynsla stofnunarinnar er þó sú að eftir fyrstu þrjú mánuði hvers árs er hægt að leggja raunhæfara mat á fjölda umsókna, sbr. fylgiskjal 1. Ef of lágar tölur eru lagðar til grundvallar er ekki unnt að bregðast við með skilvirkum hætti sem eykur á útgjöld ríkisins, sbr. fylgiskjal 2-5. Fækki fjölda umsækjanda eða náist að lækka málsmeðferð er hægara að draga saman í rekstri og skila umframfjármunum, fremur en að sækja fjármagn sem ekki er til staðar.

Bent er á að á Norðurlöndunum eru gerðar 4 ára fjármálaáætlanir eins og hérlendis en það áskorunarefni sem hér er staðið frammi fyrir hefur verið leyst þarlendis með ýmsum hætti. Samkvæmt upplýsingum frá Noregi þá er fjársveiflum gagnvart norsku

Útlendingastofnuninni mætt með þeim hætti að gerður hefur verið málefнасamningur milli þingsins og fagráðuneytisins (dómsmálaráðuneytisins) sem felur í sér að norska útlendingastofnunin hefur aðgengi í fjármuni utan fjármálaáætlunar ef upp koma sveiflur sem hér hefur verið lýst sem leiðir til þess að sú stofnun bregst hratt og örugglega við auknum fjölda og að sama skapi dregur stofnunin seglin saman ef fækkun verður. Norska Útlendingastofnunin skilar rökstuddri skýrslu ef nýta þarf þetta fjármagn. Er það ósk Útlendingastofnunar að tekið verði upp keimlíkt fyrirkomulag héraðs, þar sem reynsla síðustu ára hefur sýnt að sá tími og sú vinna sem farið hefur í að fjármagna málaflokkinn, eftir að fjölgun hefur átt sér stað hefur reynst ríkissjóði afar kostnaðarsöm og haft ýmsa ókosti í för með sér.

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir mannaflapörf vegna hælismála, sbr. fylgiskjöl 1-5. Hvað önnur svið stofnunarinnar varðar hefur verið aukning í verkefnum og ekkert sem bendir til að sú þróun snúist við. Tölfræði fyrsta ársfjórðungs bendir til þess að a.m.k. 30% aukning verði í fjölda dvalarleyfa á milli árunna 2016-2017. Í fylgiskjöllum 6-8 má finna mannaflaspá til fimm ára fyrir leyfasvið ásamt kostnaðargreiningu en sú spá gerir ráð fyrir 14% aukningu en það er meðaltalsaukning s.l. 4 ára.

Reykjavík, 28. apríl 2017

F.h. Útlendingastofnunar


Kristín Völundardóttir, forstjóri

Fylgiskjöl:

1. Forsendur fjöldaspár – samanburður við 2015 og 2016
2. Mannaflapörf – afgreiðsla umsókna – fjárlagaliður 06398
3. Mannaflapörf móttaka umsækjenda ofl. – fjárlagaliður 06399
4. Mannaflapörf útreikningar
5. Dæmi um hagkvæmni vegna styttingar málsmeðferðar
6. Tölfræði dvalarleyfa 2013 – 25.04.2017
7. Mannaflapörf 2017 – 2021
8. Fjárförf leyfasviðs 2017-2021

Forsendur fjöldaspár- samanburður við 2015 og 2016

- Fjöldi umsókna fyrstu 3 mánuði 2016 var 136.
 - Fjöldi umsókna fyrstu 3 mánuði 2017 var 224 (um 65% aukning)
 - 65% aukning bendir til þess að fjöldi umsókna 2017 verði 1870.
 - Reynsla síðustu tveggja ára sýnir að á fyrstu 3 mánuðum berast um 11% af umsóknum á ársgrundvelli, það bendir til þess að fjöldi umsókna 2017 verði um 2000
- **Gert er ráð fyrir að umsóknir verði 2000 árið 2017.**

Fjöldi umsókna síðustu ár hérlendis benda til að enn sé aukning í málaflokknum. Nágrannaþjóðir á Norðurlöndunum hafa tekist á við miklar sveiflur s.l. 3 ár, bæði vegna hraðrar aukningar og hraðrar fækkunar. Með vísan til þess er ómögulegt að gera langtímaspár fyrir málaflokkinn sem hægt er að ganga út frá að standist.

Mannaflapörf – afgreiðsla umsókna Fjárlagaliður 06398 þarf 301 m.kr.

Tegund mála	Afköst á mánuði í dag	Núverandi mannaflí	Viðbótarmannaflí	Afköst á mánuði með viðbótarmannafla (=47 starfsm.)
Forgangsmál	50	Verkefnastj. + 5 lögfr. + 50% ritari	19 lögfr. + ritari	250
Dyflinnarmál	20-25	Verkefnastj. + 4 lögfr. + 50% ritari	4 lögfr.	40
Efnismeðferð	20-25	Verkefnastj. + 5 lögfr. + ritari	5 lögfr.	40
Samtals	90-100	Fjöldi fastra starfsm. = 18	Fjöldi viðbótarstarfsm.= 29	330

Mannaflapörfin tekur ekki tillit til þarfar kæruneftndar útlendingamála né lögregluvirvalda sem sinna birtingum, flutningum úr landi ofl.

Móttaka, þjónusta og sjálfviljug heimför Fjárlagaliður 06399 (hæli) þarf 187 m.kr.

Tegund mála	Afköst á mánuði í dag	Núverandi mannaflí	Viðbótarmannaflí	Afköst á mánuði með viðbótarmannafla (=28. starfsm.)
Móttökuteymi	80-90	Verkefnastj. + 4 sérfr. + ritari	10 sérfr. + ritari	300 þjónustuviðtöl (forsenda þess að lögfræðingar geti unnið sín mál)
Sjálfviljug heimför	42	1 sérfræðingur	1 sérfræðingur	70-80
Þjónustuteymi	300-400 í þjónustu	Verkefnastj. + 6 sérfr.	2 sérfræðingar	400-500 í þjónustu
Samtals		Fjöldi starfsmanna 14	Fjöldi starfsmanna 14	400-500 í þjónustu, 300 viðtöl og 80 flutningar

Gert er ráð fyrir að starfsmaður í þjónustu sinni 30-40 einstaklingum. Spáin miðar þó við að þeir séu að þjónusta fleiri eða 50-60 en það sé tímabundið.

Heildarmannaflapörf ÚTL, kostnaður og framfærslukostnaður

- Tillögurnar miða við 43 stöðugildi í 12 mánuði og 2000 umsóknir
- Samtals fjárbörf: 483 m.kr.

- Fjárlagaliður 06398:
 - Laun 301 m.kr., búnaður 11,6 m.kr. = 312,6 m.kr.

- Fjárlagaliður 06399
 - Laun 151 m.kr., húsaleiga 24 m.kr. og 5,6 m.kr. = 180,6 m.kr.

- **STYTTING MÁLSMEÐFERÐAR LÆKKAR ÚTGJÖLD meira en sem nemur launakostnaði!**
- Ef 100 daga málsmeðferð: 2000 x 10000 x 100 = 2 milljarðar
- Ef 70 daga málsmeðferð = 1,4 milljarðar

Það athugist að Útlendingastofnun tekur ekki tillit til þarfa kærunefndar útlendingamála né lögregluyfirvalda vegna aukins fjölda.


Framfærslukostnaður einstaklings eftir málsmeðferð ef nægilegur mannaflí er til staðar

- **Forgangsmeðferð: 7 dagar ÚTL + 10 dagar RLS = 170 þúsund**
 - (Fyrstu mán. 2017: ÚTL 98 dagar + RLS 35 dagar = 1300 þúsund)
- **Dublin: 43 dagar ÚTL + 5 dagar KNU + 10 dagar RLS= 580 þúsund**
 - (Fyrstu mán. 2017: ÚTL 86 dagar + KNU 55 dagar + RLS 35 dagar = 1.760 þúsund)
- **Efnismeðferð: 90 dagar ÚTL + 10 dagar KNU + 10 dagar RLS= 1100 þúsund**
 - (Fyrstu mán. 2017: ÚTL 193 dagar + KNU 103 dagar + RLS 35 dagar = 3300 þúsund)

Vegna lagabreytingar um áramót 2016-2017 er snýr að takmörkun á tímalengd málsmeðferðar var 20-30 loknum Dyflinnarmálum vísað til baka til stofnunarinnar til efnismeðferðar sem útskýrir lengri málsmeðferðartíma í efnismeðferðarmálum á fyrsta ársfjórðungi.


Ekki liggja fyrir staðfestar meðaltalstölur vegna flutninga ríkislögreglustjóra úr landi og því geta einhverjar skekkjur verið í málsmeðferðartíma hjá því embætti.

Tölfræði dvalarleyfa 2013 – 25.04.2017 Aukning milli ára %



25.04. 2016 höfðu 1300 dvalarleyfisumsóknir borist og því er miðað við að fjölgun milli áráanna 2016 og 2017 verðu um 30%.

Mannaflapörf 2017-2021
 Viðmið: meðaltalsaukning á leyfasviði 2013-2016



Mannaflaspáin var gerð til fimm ára 2016 og gerir ráð fyrir meðaltalsaukningu verkefna á leyfasviði um 14% milli ára.

Fjárpörf á leyfasviði 2017-2021 Aukin verkefni

Ár	Fjöldi starfsmanna	Kostnaður í m.kr.
2017	2,5	25
2018	4,6	46
2019	6,1	61
2020	9,6	96
2021	14,4	144

Verkefni sem hér falla undir eru dvalarleyfi, áritanir, ríkisborgararéttur, frávísanir, brottvísanir ofl.